

Svo sagði hún, skjálfandi af geðshræringu, sársauka og eg veit ekki hvað margskonar tilfinningum og hve sterkri löngun til að úthella sér, að segja alt, tala um þá hluti, sem hún til þessa hafði lokað inni í hjarta sínu, og löngun til að tala um þetta fólk, sem að eins þurfti að nefna til þess til vekja henni þessar geðshræringar.

„Já, Henry frá Sirmont, eg þekki hann vel; hann er bróðir minn“. Eg horfði undrandi á hana. Alt í einu rifjaðist upp fyrir mér saga hennar.

Það hafði einu sinni valdið stórhneyksli meðal aðalsins í Lothringen, að Súsanna frá Sirmont, sem var ung, fögur og rík, strauk burtu með undirforingja í herdeild þeirri, er faðir hennar réði fyrir. Hann var bóndason, fríður og hraustlegur og bar sig vel í bláa hermannabúningnum sínum, enda náði hann fljótt ástum hershöfðingjadótturinnar, þegar hún horfði á heræfingarnar. En hvernig þau höfðu getað fundist og talast við, og hvernig hún þorði að láta hann vita að hún elskoði hann, það hefir aldrei komist upp.

Engan grunaði neitt, en nótt eina, er varðtími hans var á enda, hurfu þau bæði. Ættingjar hennar leituðu hennar, en árangurslaust, það fréttist ekkert til hennar, og allir hugðu hana dauða.

En þá fann eg hana í þessum eyðilega dal.

Svo tók eg til orða: „Eg man vel eftir því, þér eruð Súsanna frá Sirmont“.

Hún hneigði sig til samþykkis. Tárin runnu niður kinnar hennar, er hún leit til gamla mannsins, er stóð hreyfingarlaus á þrepeskildinum í kofanum sínum, og sagði; „Þetta er hann“. Eg sa að hún elskoði hann enn þá eins innilega og áður.

„Þér hafið verið hamingjusamar?“ spurði eg.

„Já, hann hann hefir gjört mig mjög hamingjusama, og eg hefi aldrei yðrast þess“, sagði hún með rödd, sem kom frá hjartanu.

Undrandi og hnugginn starði eg á hana; hugfanginn af hinu konunglegra valdi ástarinnar. Þessi unga efnaða hefðarmær hafði fylgst með þessum manni, bónanum. Hún hafði